



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárns
1. janúar 1978

Góðir áheyrendur.

Vér stöndum nú í dyrum nýs árs. Í dag er fyrsti dagur hins fyrsta mánaðar í nýju ári, fyrsti janúar. Mörgum er kunnugt að þetta mánaðarnafn er úr latínumáli og dregið af orði sem merkir bogi eða hlið og einnig er það nafn hinna fornu Rómverja á goðmagni dyra og hliða, sem sýnt var á myndum í líki mannveru með andlit í tvær öndverðar áttir, aftan og framan á höfði. Eins og guðinn horfa dyr bæði út og inn, aftur og fram í senn. Það gera áramótin einnig, mánaðarnafnið minnir oss á það, dyramánuður.

Að skyggjast um, horfa til átta, er ríkur þáttur í mannlegu eðli, en hitt er misjafnt í hvaða átt er fastast horft. Til eru eða hafa verið þjóðir, sem eiga þann þátt einna sterkastan í menningu sinni að sjálfsskynjun einstaklingsins er rammlega tengd forfeðrum hans, bæði lífs og liðnum. Horft er fast um þær dyr sem að fortíð ættstofnsins vita. Kunnugt er einnig um menningarsamfélög þar sem hver athöfn manns í þessari jarðvist miðast við það takmark að eiga að lokum fyrir góðri kistu og útför svo sæmilegri, að sálinni sé vel borgið í nýrri tilveru. Þar er horft um langvegu til hins ókomna og ókunna.

Þetta eru tvennar öfgar í sjálfsskynjun og lífsviðhorfi, og ef til vill eiga þær nú orðið helst heima í menningarsögunni. Raunverulegra og flestum kunnara er það viðhorf, sem hefur verið og enn er til, að helga líf sitt hverri líðandi stund, kappkosta öðru fremur að njóta hennar í sem fyllstum mæli og láta hvorki fortíð né framtíð skyggja á hana. Gríptu daginn, njóttu stundarinnar, eru gömul kjörorð, sem margir góðir menn hafa ritað á skjöld sinn og reynt að lifa eftir. Sagt er að í sumum löndum sem kennd eru við vestræna menningu beri á vorum dögum talsvert mikið á þessari lífsstefnu, sem hvorki tekur mið langt aftur né langt fram, heldur verður réttilegast kennd við einskonar tímalaust nú. Slíkt og þvílíkt munu sumir kalla léttúð og andvaraleysi, en aðrir munu kenna það við frjóa lífsnautn, gleðina yfir því að vera til, fá að vera lifandi einmitt nú, óþvingaðir af byrði sögunnar eða áhyggju hins ókomna. En flestum mönnum mun reyndar vera eðlilegt að skyggjast bæði aftur og fram frá hverjum áfanga á lífsleiðinni. Slík ígrundan og fyrirhyggja hefur löngum einkennt oss Íslendinga, enda hefur land vort með kostum sínum og ókostum hvatt til þess mörgum öðrum fremur. Á þessum hátíðum vona ég að sem flestir landsmenn hafi mátt njóta sannrar jóla- og nýjársgleði, þótt vér hvorki viljum né getum annað en séð fyrir oss dyrnar tvennar, til hins liðna og til hins komanda. Um leið og vér höldum hátíð viljum vér reyna að gera oss grein fyrir hvar vér erum á vegi stödd, hvernig oss farnaðist á leið vorri í þennan áfanga og hvað blasir við þaðan.

Vér sjáum fyrir oss þær dynnar sem að baki oss liggja, þær sem vér höfum gengið út um fyrir skemmstu og aldrei verður gengið um frammar, heldur aðeins horft, horft yfir síðasta spölinn, árið sem leið, og svo lengra aftur eftir því sem hver hefur skyggni og minni til. Þess má vænta að hugur hvers og eins hvarfli þá fyrst að einkahag, persónulegum farnaði, hversu verið hefur á liðnu ári. Gleði og sorg, höppum og slysum, mun hafa verið misskipt milli mannsins barna nú sem endranær, og þarflaust að setja á ræður um þá gamalkunnu mannlegu reynslu. En ekki skyldum vér, sem eigum því láni að fagna að aka heilum vagni heim um þessi áramót, láta undir höfuð leggjast að leiða oss það í hug með auðmýkt og þökk, en umfram allt með samhug með þeim sem ekki hafa notið sömu náðar. Að gleðjast með glöðum og hryggjast með hryggum eru orð sem ætíð munu standa í góðu gildi, og hollt er einnig að láta sér ekki gleymst hið fornkveðna, að guð mun ráða hvar við dönsu næstu jól.

En hvernig hefur oss vegnað sem þjóð á liðnu ári, þegar alls er gáð? Margir gerast til að svara þeirri spurningu, og sýnist sitt hverjum í sumum greinum eins og oft ber við. Þó verður ekki um það deilt, að árferði hefur verið gott, atvinnuvegir landsmanna gjöfulir og markaðir yfirleitt hagstæðir. Og þetta er fyrsta heila árið sem vér höfum búið við hina nýju óravíðu íslensku landhelgi. Höfum vér í raun og veru gert oss, svo sem vert væri, grein fyrir hvílk stórmerki og tímamót þetta eru í Íslandssögunni? Þetta er eins og nýtt landnámsár.

Víst er margs að minnast sem gott er og gleðilegt. Það er trú mín og von að sæmileg afkoma sé nú manna á meðal, enda hefði oss annars hrakið meira en lítið af þeirri leið sem vér höfum einsett oss að halda. En skugga ber á, þar sem eru efnahagsvandkvæði þjóðfélagsins í heild. Stjórnámálamennirnir, þeir sem fyrirsvörum sitja um landsins gagn og nauðsynjar, fara ekki dult með þetta, enda finnur hver maður á sjálfum sér að ekki er allt sem skyldi. Það er orðin heldur ófrumleg samlíking að kalla samfélagið þjóðarskútu, en hún er nærtæk fyrir farmanna- og fiskimannþjóð eins og oss Íslendinga, og vel má hún enn duga. Sigling þessarar skútu hefur löngum gengið upp og ofan og er það ekki nema að vonum. Veður og vindur eru mislyndar höfuðskepnur, vér höfum lært að búa við þær og sjóast á langri leið, það er Íslandssagan, og skútan flýtur enn og siglir. En á vorri tíð hefur ein skepna enn komið til sögu. Það er hákarl í kjölfarinu og heitir verðbólga: ljótt nafn og hæfir ljótri skepnu.

Ég spyr sjálfan mig, og ef til vill spyrja þess margir, hvort ekki sé grálega gert að trufla nýjárshelgina með einni verðbólguræðunni enn. Von er að menn spyrji, en hver getur látið eins og ekkert sé, þegar vábeidan blasir við allra augum? Vér Íslendingar erum að vísu síður en svo einir um að glíma við verðbólguvanda, en því miður fáum vér ekki leyst oss undan því ámæli að hafa alið þennan ófögnuð árum og áratugum saman í meira óhófi en flestir aðrir, uns svo er komið sem komið er. Mikil er sú fyrirmunun að skepnan skuli vera þvílíkur ofjarl skapara sínum, og er lítil bót í máli þótt þess séu fleiri hrikaleg dæmi í mannheimi, eins og þegar þjóðirnar segjst vilja takmarka hergagnaframleiðslu um leið og þær vígbúast geipilegar en nokkru sinni fyrr. Það er engu líkara en vopnin æxluðust af sjálfsdáðum, þvert ofan í vilja mannanna. Eitthvað svipað gæti sýnst um verðbólgu á Íslandi.

En því tek ég þannig til orða að enginn á landi voru lætur á sannast að hann fordæmi ekki verðbólgu og allt hennar athæfi. Segja má að það sé lítill vandi bæði fyrir mig og aðra að velja henni hæðileg orð, lítill vandi að tala, lítill vandi að skrifa, en hitt sé þrautin þyngri að finna ráð sem duga. Þó veit ég ekki nema telja

megi með gleðitíðindum liðins árs að aldrei hafa menn í ræðu og riti verið jafn sammála og einmitt nú undir árslokin um þá þjóðarnauðsyn að koma einhverju tauti við ofvöxt verðbólgunnar. Ég tek mark á þessu og efast ekki um að af einlægni er talað, og hví skyldum vér þá ekki vona að gott megi eftir fylgja? Aftur á móti tek ég ekki mark á brigslum og hnippingum um það hverju eða hverjum sé um að kenna vandkvæði vor. Þetta er orðinn langur slóði og margt og margir koma þar við sögu. Þegar verðbólguálfar hefur náð að festa rætur er álíka fánýtt og það er vandasamt að eltast við einstaka sökudólga. Vissulega nýttum vér krafta vora betur með því að beita þeim sameiginlega að sameiginlegum vanda. Því að hætt er við hvað sem sagt kann að vera í umræðum dagsins, að enginn sem einhvers er megnugur fái að lokum undan því skorist að eiga einhvern hlut að þeim varnaraðgerðum, sem vér hljótum að eiga fyrir höndum. Bólu-Hjálmar var tæpitungulaus maður. Einu sinni kvað hann þessa fleygu vísu:

Fari mammon flár úr skut
fyrir en sjór er rokinn,
annars stelur hann öllum hlut
í vertíðarlokin.

Hver veit nema hann hefði verið til með að snúa þessu upp á verðbólguna, ef hann væri enn á dögum. Hann hefði þá hitt vel í mark, enda liggja margir þræðir milli verðbólgu og mammons, sem vísan er um.

Þegar vér snúum við blaði og horfum út og fram um dyr áramótanna, er ekki eins hjart yfir og vér mundum óska, því að skuggi efnahagsvandans fylgir oss inn í nýja árið. Spár eru ekki hagstæðar og raska hugarró margra. Þó ekki svo, að nein örvænting ríki eða menn efist í alvöru um að úr muni rætast, nú eins og jafnan áður, því að þröng í þjóðarbúi er engin nýjung. Langt yrði syndaregistur verðbólgunnar ef allt væri upp talið, en þó væri hörmulegust afleiðing allrar þeirrar upplausnar, ef hún skerti trú vora á landið og möguleika vora til að lifa þar hamingjuríku lífi af sjálfra vor eignum og úrræðum. Það er ógeðfældur barlómur fólgin í að klifa á að vér séum fáir fátækir smáir. Og það er búið að hamra of mikið á þeim hálf sannleik að Ísland sé á mörkum hins byggilega heims og fundinn upp af útlendingum. Gests augað er ekki alltaf glöggt. Enskur maður ágætur, sem ferðaðist hér á landi 1872, sagði að svo gæti verst sem Ísland hefði alls ekki verið skapað handa mannlegum verum, heldur minnti það á eftirskilið bersvæði, ætlað náttúrunni einni til að hamast þar með alls konar afganga, sem hún gæti hvergi notað til gagns, og til að ærslast með skyndisýningum á heljarafli sjálfrar sín.

Og minnst má hinna fornu orða, sem Ketill flatnefur, forfaðir vor allra, viðhafði um Ísland í árdaga: „Í þá veiðistöð kem eg aldregi á gamals aldri.“ Í hans munni var veiðistöð harkapláss í úteyjum, til þess eins nýtlegt að liggja þar við fiskveiðar á vertíð. Hann áleit að Ísland væri helst ekki byggilegt mönnum, rétt eins og Bryce hinn enski þúsund árum síðar.

Báðir höfðu nokkuð til síns máls. Víst er Ísland leikvangur aðsópsmikilla náttúruafla, einn hinn mesti í víðri veröld. Það höfum vér fengið að reyna bæði fyrr og nú, og víst er Ísland veiðistöð, ein hin mesta í heimi. En þó höfðu báðir rangt fyrir sér, og það svo greypilega að það sem þeir fundu landinu til foráttu má að verulegu leyti teljast meðal þess sem gerir Ísland að góðum og lífvænlegum mannabústað. Það sönnuðu börn Ketils flatnefs sjálfs og aðrir landnámsmenn, það hafa allar kynslóðir síðan sannað og þó engin eins og sú sem nú lifir í landinu. Þeir

gættu þess ekki góðu menn, að víst eru lönd misjöfn frá náttúrunnar hendi og eru sum kölluð mild og sum hörð, en um leið gæddi hinn hæsti höfuðsmiður manninn viti og þreki til að laga sig að ólíkum kostum nær allra landa. Og það hefur þjóð vor gert í þessu norðlæga landi sem kennt er við Ís, það erum vér enn í óða önn að gera og raunar aldrei sem nú. Gleymum því ekki að í aðlögun að eðlisfari þessa lands, í viðnámi gegn því, í sigurvinningu yfir því og sáttargjörð við það hefur íslensk menning skapast. Að bera sig upp undan landinu sem vér byggjum á skylt við að óska þess að íslensk þjóð hefði aldrei orðið til eins og hún er og það afbrigði mannlífs sem vér köllum íslenska þjóðmenningu.

Í rauninni er það ónýtisíðja að reyna að gefa Íslandi einkunn í hópi landa. Það nægir að það er ættland íslensku þjóðarinnar og hér eru oss örlög sköpuð. Vér megum treysta því að þetta er land mikilla möguleika. Og vér megum vera stolt af þeirri menningararfleifð, sem er arðurinn af lífi og starfi kynslóðanna í þessu landi. Og þrátt fyrir ýmsan ófullkomleika, sem synd væri að segja að ekki væri haldið á loft, megum vér vel vera upp með oss af því sem komið hefur verið til leiðar á síðustu áratugum. Vér sjáum það hvert sem vér lítum og tökum það með oss fram á veg. Þjóðfélag vort er meðal þeirra sem mesta farsæld bjóða. Vera má að vér þurfum að leggja harðar að oss en sumir aðrir til að halda í horfi, en ekki er það svo að þjóðarmein megi kalla. Vér erum ekki þrælar, nema þá vegna ofkröfugerðar um svonefnd lífsgæði, en þar eiga síður en svo allir óskilið mál. Ef til vill er slíkt fylgikvilli í velferðarsamfélögum, sem svo eru nefnd.

Þegar vér lítum fram á leið er vissulega ófátt, sem vakið getur vongleði og tilhlökkun. Skyldi það ekki vera tilhlökkunarefni að fá að taka þátt í að láta hina fornu veiðistöð hefjast til áður óþekkt blóma með tilkomu og viturlegri nýtingu hinnar nýju og víðu fiskveiðilögsögu, fá að sjá sjávarplássin um landið allt halda áfram á glæsilegri uppleið sinni? Má ekki hlakka til að sjá mikla og margvíslega möguleika þessa gamla landbúnaðarlands efla og nýtta, enn sem fyrr, byggðum landsins og þjóðinni allri til þroska og blessunar? Verður ekki ævintýri að lifa þá stund þegar nær hvert byggt ból á þessu svalalandi verður hitað upp með heitu íslensku olíunni, sem nú er hægt að sækja djúpt í iður jarðar? Ellegar að fá að neyta krafta sinna við beislun fallvatna og gufuhvera þangað til svo er komið að vér höfum vald á nægri innlendri orku til að standa undir arðvænlegum iðnaði, bæði stórum og smáum? Ísland hefur skilyrði til að verða iðnaðarland á borð við mörg önnur sem þegar eru það, og reyndar erum vér komin lengra á þeirri braut en ljóst var öllum, það sjá menn nú skýrar eftir iðnkynningarárið sem leið, og skilja stórum mun betur en áður stöðu þessarar atvinnugreinar og nauðsynina á íslenskri iðnvæðingu.

Hér hef ég aðeins nefnt nokkrar meginstöðir þess bjargræðis, sem er undirstaða alls annars. Ekki hefði verið síður skemmtilegt að geta hins fjölmarga á sviði þjóðlífs, menningar og sjálfstæðis í landi voru, sem vér höfum fulla ástæðu til að horfa fram til og takast á við með glöðum huga. Skal nú staðar numið að sinni, en þó ekki án þess að minnst þess sem mestu máli skiptir. Í öllum stéttum og stöðum er nú í landinu fjölmenn ung kynslóð, vel menntuð, hraust og dugleg, fær í allan sjó. Eldri og yngri kynslóð hafa ævinlega dæmt hvor aðra með nokkurri svo tortryggni. Reiðilestrar eru ekki nýtt fyrirbrigði. En það væri á engum rökum reist ef vér treystum ekki íslenskum æskumönnum til að ávaxta, auka við og bæta það sem þegar hefur verið gert, til þess að þjóð vor megi lifa í farsælu, réttlátu og heiðarlegu samfélagi í þessu landi. Þeim er engin vorkunn að taka til hendi, því að

vel hefur verið að þeim búíð, og það munu þeir líka gera, enda væri annars til lítils barist.

Mál mitt hér er hvorki jólaskraut né fagurgali á hátíðisdegi. Úrkostir vorir til sjálfsbjargar eru margir og miklir og þá einnig skilyrði vor til menningar og hamingju, þess sem skáldið forðum kallaði gróandi þjóðlíf. Þessu má treysta, og hitt hljótum vér að vona, að oss auðnist að sigrast á þeim vandræðum, sem oss virðast á dapurlegri stundum tefla þessu öllu í nokkra tvísýnu, sigrast á hverju því sem situr um að hrifsa aflafeng vorn í hver vertíðarlok. Þann sigur vinnur enginn fyrir oss, og ekki vinnst hann heldur af neinum einum. En hann vinnst ef margir leggjast á eitt.

Góðir landsmenn. Vér stöndum í dyrum hins nýja árs. Ég þakka yður samfylgdina á liðnu ári og óska yður gleði og sálarfriðar. Megi hamingjan fylgja þjóð vorri, nú þegar hún stígur yfir þröskuldinn.

Gleðilegt nýjár.